

andanum, Sigurði Sigurðssyni, í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 4. októbermán.

37/1880

Bæjarfógeti E. Th. Jónassen

gegn

Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 26. dag. júlímán. síðastl., hefur bæjarfógeti E. Th. Jónassen skotið til yfirdómsins dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur kaupstaðar 24. júnímán. næst þar fyrir, og krafizt, að nefndur dómur verði staðfestur, en með þeim dómi er landshöfðingjaritari Jón Jónsson dæmdur að við lagði 3 kr. sekt fyrir hvern dag, er hann óhlýðnast dóminum, til að skila aðaláfrýjandanum rjettarskjölum nokkrum, aukendum Nr.—1—6, er hann hafði fengið að láni í bæjarþingsrjetti Reykjavíkur kaupstaðar 12. febr. þ. á. í máli milli Jóns Pálssonar og Páls Eyjólfssonar, og til að greiða aðaláfrýjandanum 10 kr. í málskostnað; hefur hann þaraðauki krafizt, að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða sjer málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Á hinn bóginn hefur Jón landshöfðingjaritari Jónsson, sem hefur gagnáfrýjað málinu, farið fram á að verða dæmdur sýkn af kærnum og kröfum aðaláfrýjandans í þessu máli, og að hann verði skyldaður til að greiða sjer allan málskostnað bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi.

Það er sannað, að aðaláfrýjandi 12. febrúarmán. þ. á. sem hlutaðeigandi dómari í máli milli Jóns Pálssonar og Páls Eyjólfssonar ljedi gagnáfrýjanda sem

málflutningsmanni hins síðarnefnda skjöl málsins auðkennd Nr. 1—6. Af því gagnáfrýjandi ljet farast fyrir að skila rjettinum aptur skjölum þessum, varð mál þetta til.

Sýknaarástæður gagnáfrýjanda eru: 1. að aðaláfrýjandi ekki sje rjettur sóknaaðili þessa máls, því hann hafi ekki sýnt neina heimild frá þeim Jóni Pálssyni og Páli Eyjólfssyni til að höfða þetta mál, en þá telur hann eigendur greindra skjala; 2. að hann sje ekki rjettur varnaaðili, með því hann aðeins hafi verið umboðsmaður Páls Eyjólfssonar, og að því hefði átt að beina málinu að Páli, enda hafi hann (gagnáfrýjandi) skilað Páli skjölunum; 3. að aðaláfrýjandi hafi ekki sannað, að skjöl þau, sem mál þetta er risið útaf, enn sjeu til, eins og hann líka telur sjer það ómögulegt að skila þeim.

Það virðist engum vafa bundið, að aðaláfrýjandinn, er hafði um getið mál til meðferðar sem dómari, og ljeði gagnáfrýjanda skjölin, sje rjettu sóknaaðili þessa máls, sem hjer liggur fyrir, því það er skylda dómarsans, sem einnig er dómskrifari, sð annast um, að skjölum þeim, er hann ljær málsþörtunum eða umboðsmönnum þeirra, sje skilað rjettinum aptur, og gagnáfrýjandinn hefur alls ekki fært líkur til þess, því síður sannað, að honum hafi eptir atvikum borið heimild til að skila öðrum en aðaláfrýjanda um ræddum skjölum.

Gagnáfrýjandi fjekk sem málsfærslumaður Páls Eyjólfssonar um rædd skjöl að láni, og bar honum því að skila rjettinum þeim aptur, því þótt málið sjálft snerti aðeins málspartana, en ekki umbjóðendur þeirra, þá er öðru máli að gegna um flutning málsins, sem umboðsmaðurinn eða málflutningsmaðurinn hefur fulla ábyrgð af.

Gagnáfrýjandi hefur ekki sannað — en í því tilliti lá sönnunarskyldan á honum — að skjölin sjeu glötuð, og ekki einusinni gjört það sennilegt. Er því engin sönnun fyrir því, að honum sje ómögulegt að skila skjölunum, og er því sú sýknaðstæða hans heldur ekki á neinum rökum byggð.

Samkvæmt áður sögðu ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn. Að því snertir málskostnað fyrir yfirdómi ber að geta þess, að gagnáfrýjandi hafði áfrýjað framan greindum bæjarþingsdómi til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 1. júlímán. þ. á., er fyrst átti að koma í dóm 1. nov. þ. á.; stefndi áfrýjandi honum þá til staðfestingar 26. júlímán. þ. á.

Að svo lögudum málavöxtum getur gagnáfrýjandi ekki komist hjá að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er þykir hæfilega metinn 15 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Bæjarþingsdóminum í þessu máli skal óraskað. Gagnáfrýjandi, Jón landshöfðingjaritari Jónsson, á að greiða aðaláfrýjanda, bæjarfógeta E. Th. Jónassen, 15 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 38/1880

Bæjarfógeti E. Th. Jónassen
gegn

Jóni landshöfðingjaritara
Jónssyni

Dómur:

Með dómi, kveðnum upp í bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar 24. júní þ. á., af Kristjáni sýslumanni Jónssyni sem settum dómara, er Jón landshöfðingja-